


Efni fyrir fræðilega ritstjórnum

Ritrýningarferli vísindagreina



- Vísindagreinar sem ætlaðar eru til ritrýningar skal senda beint á skrifstofu FS á netfangið **steinunns@bhm.is**

- Starfsmáður skrifstofu FS framsendir efnið á **formann fræðilegrar ritstjórnar**.

- Fræðileg ritstjórn metur hvort handritið uppfylli sett skilyrði fyrir ritrýningu (sjá gátlista ritstjórnar og leiðbeiningar fyrir höfunda) og sendir tengilið höfunda upplýsingar um þá ákvörðun.

- Ef handrit uppfyllir ekki skilyrði um ritrýningu, bendir ritstjórn höfundum á hvað vantar upp á og býður þeim að birta greinina í Sjúkraþjálfaranum sem óritrýnda fræðslugrein. Ritstjórn lætur starfsmann skrifstofu FS vita af þessari ákvörðun.

- Ef handrit uppfyllir skilyrði fyrir ritrýni, velur ritstjórn tvo ritrýna með efni greinarinnar í huga.

- Við val á ritrýnum er reynt að forðast hagsmuna- og vinatengsl við höfunda. Nafnleyndar er gætt þannig að ritrýnar sjá ekki hverjir höfundar eru og höfundar vita ekki hverjir rýna greinarnar.

- Ritrýnar hafa að jafnaði fjórar vikur til að vinna verkið og skila umsögn til fræðilegrar ritstjórnar.

- Ef ritrýnar eru ekki sammála um hvort birta eigi ritrýnda grein getur ritstjórn kallað eftir umsögn frá þriðja ritrýni áður en hún tekur sameiginlega ákvörðun um birtingu.

- Ritstjórn sendir ritrýnina til tengiliðs höfunda í tölvupósti. Ef ritrýnar samþykktu greinina með athugasemdum fá höfundar fjórar vikur til að lagfæra hana og senda aftur til ritstjórnar.

- Ef ritstjórn telur að farið hafi verið eftir ábendingum ritrýna er greinin samþykkt. Ef eitthvað vantar upp á, tekur ritstjórn ákvörðun um framhaldið.

- Ákvörðun ritstjórnar um birtingu eða höfnun er send til tengiliðs höfunda með tölvupósti og er endanleg.

- Að ritrýningarferli loknu sendir fræðileg ritstjórn greinina til starfsmann skrifstofu FS.

- Greinin birtist í næsta tölublaði eða í samræmi við efni og umfang tímaritsins.

- Höfundar vísindagreina bera ábyrgð á efni þeirra og málfari. Þó áskilur ritstjórn sér rétt til að leiðréttá málfar og stafsetningu, ef þörf krefur.

- Höfundar fá senda prófórk af grein til lokayfirlestrar og samþykktar áður en hún birtist.

Gátlisti fyrir fræðilega ritstjórn

Efnisatriði	Í lagi	Má bæta	Ekki til staðar	Á ekki við
Formlegt fylgibréf til fræðilegrar ritstjórnar				
Flokkun greinar (rannsóknargrein, yfirlitsgrein, tilfellaranngrein)				
Efni höfðar til sjúkrapjálfara				
Númer á viðeigandi leyfum og tilkynningum vegna rannsóknar				
Efni handritsins hefur ekki birst áður í vísindatímariti				
Handritið er ekki í ritrýningu hjá öðru tímariti				
Handritið inniheldur: titilsíðu, ágrip, þrjú til sex lykilorð á íslensku og ensku, inngang, aðferð, niðurstöður, umræður				
Lýsandi titill (hámark 150 letureiningar)				
Nafn á tengilið, ásamt símanúmeri og netfangi				
Nöfn allra höfunda ásamt upplýsingum um vinnustað og grunnmenntun				
Lengd greinar innan settra marka				
Fjöldi heimilda innan settra marka				
Ágrip á íslensku og ensku, 250 orð að hámarki og með fyrirsagnirnar: bakgrunnur (<i>background</i>), markmið (<i>objectives</i>), aðferð (<i>methods</i>), niðurstöður (<i>results</i>) og ályktanir (<i>conclusions</i>)				
Bakgrunnur rannsóknarefnis kemur skýrt fram í inngangi				
Rannsóknarspurning(ar) koma skýrt fram				
Viðeigandi aðferðafræði er beitt og henni lýst				
Niðurstöður eru skýrar og settar fram í töflum og myndum ef við á				
Umræður eru hnittmiðaðar og ályktanir í samræmi við efnið				
Efnið er sett fram á skiljanlegan hátt og á góðri íslensku				
Vitnað er í viðeigandi heimildir				
Tilvitnanir í heimildir og heimildaskráning fylgja Vancouver reglum				
Titlar á myndum og töflum eru lýsandi				
Leyfi hefur fengist fyrir notkun á höfundarvörðu efni				
Pakkarorð				
Styrktaraðila er getið				
Undirrituð skjöl um birtingarrétt og höfundaryfirlýsing				
Undirrituð skjöl um hagsmunatengsl höfunda				
Undirritað samþykki sjúklings (forsjármanns), ef viðeigandi				

Niðurstaða fræðilegrar ritstjórnar

- Handrit samþykkt til ritrýningar
- Handriti hafnað til ritrýningar
- Handrit hentar sem óritrýnd fræðslugrein